



DALVIKURBYGGÐ

VIRDING  
JÁKVÆÐNI  
METNAÐUR

## HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG -samstarfssamningur-

Dalvikurbyggð og Embætti landlæknis gera með sér samstarfssamning um þróunarverkefnið „Heilsueflandi samfélag“. Verkefnið miðar að því að efta lýðheilsu og lífsgæði íbúa Dalvikurbyggðar með markvissum þverfaglegum heilsueflingaraðgerðum.

Markmið verkefnisins eru að:

- Koma á fót heilsueflandi samfélagi með oflugu lýðheilsustarfi í þágu fólks á öllum æviskeiðum
- Nýta fjölbreyttar, markvissar og heildrænar aðgerðir til að auðvelda fólk að taka heilsusamlegar ákvarðanir og lifa heilbrigðu lífi.
- Vekja athygli á og draga úr ójöfnuði hvað varðar heilbrigði og lifnaðarhætti.
- Draga úr tiðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi.

Verkefnið miðar að því að þráða samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldursþópa. Hann mun innihalda m.a. gátlista, viðmið og árangursmat auk tækja og tóla í verkfærakistu "Heilsueflandi samfélags" sem nýst getur í öðrum samfélögum á Íslandi.

Samstarfið beinist einkum að áhrifapáttum heilbrigðis sem eru lagðir til grundvallar þeim fjórum áhersluþáttum sem vinnuhópur verkefnisins Heilsueflandi Dalvikurbyggð hefur skilgreint á þessa leið:

- Hreyfing
- næring
- Liðan
- Lifsgæði

### Hlutverk samningsaðila:

**Dalvikurbyggð** - leggur verkefninu til gögn, tryggir þátttöku sveitarfélagsins og stofnana hans í verkefninu, stuðlar að kynningu þess ásamt því að koma að fjármögnun.

**Embætti landlæknis** - leggur til sérfraðiráðgjöf, stuðning, aðgengi að gögnum, nýjustu upplýsingar úr alþjóðlega fræðasamfélagini og auðkennismerkir verkefnisins (e. logo) ásamt því að koma að rannsóknum, mælingum og gerð viðmiða og gátlista.

Stöðugreining hefur nú þegar farið fram og munu samningsaðilar forma í sameiningu verkefnis- og aðgerðaáætlunar byggðar á henni og varða þannig leid verkefnisins. Áætlaður verktími er til ársins 2018 (samtals 4 ár) en framvinduskýrsla verður gerð árlega.

F.h. Embættis landlæknis

F.h. Dalvikurbyggðar

